

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

712. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 12. september 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Fundargerð aðalfundar Menningarráðs Norðurlands vestra og stefna um sameiginlegt starf að menningarmálum.
2. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ungmennaráð sveitarfélaga.
3. Bréf Péturs Arnarssonar.
4. Bréf Umhverfisstofnunar.

Afgreiðslur:

1. Til kynningar lögð fram fundargerð aðalfundar Menningarráðs Norðurlands vestra og stefna um sameiginlegt samstarf sveitarfélaga að menningarmálum. Samþykkt að vísa fundargerðinni og stefnumótuninni til kynningar menningar- og tómstundaráðs.
2. Til kynningar lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem fjallað er um skipan ungmennaráða í sveitarfélögum ásamt leiðbeinandi atriðum sem huga þarf að. Byggðarráð samþykkir að vísa bréfinu til skoðunar íþróttá- og tómstundafulltrúa.

3. Fram lagt bréf Péturs Arnarssonar þar sem hann gerir athugasemdir við boðun og efni fundar sem hann ásamt nokkrum stjórnendum sveitarfélagsins voru boðaðir til með oddvita og sveitarstjóra þann 2. september sl. Þá óskar Pétur eftir því að oddviti og sveitarstjóri biðji sig afsökunar á því að hafa gert tilraun til að hefta málfrelsi sitt og skoðanafrelsi með umræddum fundi.

Oddviti og sveitarstjóri gerðu grein fyrir þeirri ákvörðun sinni að kalla nokkra af stjórnendum sveitarfélagsins til viðræðna vegna undirritunar þeirra á undirskriftarlista þar sem mótmælt er fyrirkomulagi greiðslu vegna síðdegisgæslu barna í tengslum við seinkun á heimferðum skólabifreiða á mánudögum og miðvikudögum. Jafnframt lýstu þeir því yfir að eini tilgangur og efni fundarins hefði verið að vekja athygli umræddra stjórnenda á því að undirskriftir stjórnenda á undirskriftarlistum almennt séd kynnu í einhverjum tilvikum að geta valdið hlutaðeigandi vandkvæðum í störfum fyrir sveitarfélagið. Þetta voru hlutaðeigandi beðnir að taka til athugunar en ekki var á nokkurn hátt gerð tilraun til að hefta málfrelsi eða skoðanafrelsi þessara stjórnenda og var það margsinnis endurtekið á umræddum fundi. Þar sem eini tilgangur og efni fundarins var að eiga samtal við umrædda stjórnendur hjá sveitarfélaginu um framangreint og ekki var á nokkurn hátt gerð tilraun til að hefta málfrelsi eða skoðanafrelsi telja oddviti og sveitarstjóri engin tilefni til að leggja fram afsökunarbeiðni til Péturs Arnarssonar.

Oddviti og sveitarstjóri viku af fundi við umræðu og afgreiðslu málsins.

Byggðarráð telur ekki tilefni til að afhafast frekar í málinu en ítrekar að starfsmenn sveitarfélagsins hafi lýðræðislegan rétt á að tjá skoðanir sínar.

4. Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á umsókn Björns Línalds Traustasonar f.h. Share holding ehf. til um útgáfu starfsleyfis áður en tilraunaleyfi til kræklingaræktar er veitt eða staðfesti að þess gerist ekki þörf, sbr. ákvæði 7. gr. laga nr. 90/2011 um skeldýrarækt. Byggðarráð mælir með því að umbeðið starfsleyfi verði veitt.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:10

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Leó Örn Þorleifsson.

Ragnar S. Helgason.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi

Elín Jóna Rósinberg.